

*Alþingi*

*Erindi nr. D 120 / 1360*

*komudagur 11 / 4 1996*

Nefndanefnd Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. apríl 1996

**V.: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Aðildarfélög Rafiðnaðarsambands Íslands hafa ákveðið að standa saman að umsögn um þetta frumvarp. Í ályktun sem miðstjórn RSÍ sendi frá sér þann 22. marz síðastliðin kom fram sú krafa að frumvarpið verði dregið tilbaka. Stjórnir aðildarfélaga RSÍ taka undir þessa kröfu.


Frumvarpið er alvarleg ihlutun um innri málefni stéttarfélaga og er í beinni andstöðu við samþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Í þeim tillögum sem koma fram um fyrirkomulag kosninga er vegið að lýðræðislegum réttindum launafólks. Gerðar eru aðrar kröfur en tíðkast almennt í íslensku þjóðfélagi og meginreglur þeirra lýðræðislegu hefða sem við búum við þverbrotnar. Það fyrirkomulag sem lagt er til leiðir þess að vinnudeilur verða alvarlegri, tíðari og langvinnari.

Í trúnaðarráð er kosið af félagsmönnum á vinnustöðum. Þar kemur fram samskonar fulltrúalýðræði eins og við þekkjum víða í lýðræðislegu samfélagi og er viðhaft t.d. á Alþingi. Þess vegna er með öllu óásættanlegt að leggja eigi þetta fyrirkomulag niður í stéttarfélagunum og gera fámennar samninganefndir að æðstu stofnunum þeirra hvað varðar kjarasamninga. Hér er unnið að því að koma á samskonar einræði og ríkir hjá VSÍ. Fullyrðingar um að félagsmenn stéttarfélaga fái ekki að koma að ákvarðanatöku um gerð kjarasamninga í stéttarfélagunum og þess vegna þurfi að breyta lögum, er alþingismönnum ekki sæmandi og enn síður ráðherrum. Sama má segja um fullyrðingar að á Íslandi séu vinnudeilur tíðari en annarsstaðar, þar er farið með hrein og klár ósannynði.

RSÍ og aðildarfélög þess hafa um árábil staðið að gerð vinnustaðasamninga. Í sumum tilfellum eitt og í öðrum með öðrum landssamböndum eða stéttarfélögum. Það er yfirlýst stefna RSÍ og annarra landssambanda innan ASÍ að áhugi sé á gerð fleiri slíkra samninga. Þeirri miðstýringu sem VSÍ hefur komið á við gerð kjarasamninga hefur ítrekað verið mótmælt og stéttarfélagin farið fram á beina samninga við sína vinnuveitendur. Með frumvarpinu er gatan gengin fyrir sjónarmið VSÍ og gerð tilraun til þess að brjóta vinnustaðasamninga niður með því að sum félög verði lögvernduð umfram önnur. Benda má að ítrekað hefur VSÍ komið í veg fyrir að launþegar geti samið beint við sína vinnuveitendur, einnig hefur VSÍ ítrekað ógildað vinnustaðasamninga. Þau vinnustaðafélög sem með þessu fyrirkomulagi verða stofnuð verða lítil og veik og verða auðveldlega handbendi vinnuveitenda. Félagsmönnum RSÍ yrði gert að ganga frá öflugu stéttarfélagi og skilja þar eftir

sterka sjúkra- og vinnudeilusjóði. Þeir glötuðu aðild að mikilli starfsmenntun og yrðu minnihlutahópur í vinnustaðafélagunum og hefðu engin áhrif á framgang sinna mála. Völd sáttasemjara eru með frumvarpinu stóraukin. Svo mikið að hættulegt getur talist í því lýðræðislega samfélagi sem við viljum búa í. Þær reglur sem vitnað er til frá Danmörku hafa valdið miklum deilum þar í landi og er nú unnið að því að breyta þeim. Aðildarfélag RSÍ krefjast þess að hefðbundnu þríhliða samstarfi aðila vinnumarkaðs og stjórnvalda verði viðhaldið og aðilar fái óhindrað að ganga frá samskiptasamningum án afskipta ríkisvalds. Þær viðræður voru langt komnar og eðlilegt að aðilar fái frið til þess að ganga endanlega frá þeim. Ekki er þörf á að breyta lögum til þess að þau sjónarmið sem fram hafa komið um nauðsynlegar breytingar nái fram að að ganga.

Virðingarfyllst f.h. stjórna



Rafiðnaðarsambands Íslands  
Guðmundur Gunnarsson form.



Félags íslenskra rafvirkja  
Haraldur Jónsson form.




Félags rafeindavirkja  
Þórir Hermannsson form.



Rafiðnaðarfélag Norðurlands  
Helgi Jónsson form.




Rafiðnaðarfélag Suðurnesja  
Kristján Valtýsson form.




Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi  
Þorsteinn Þorsteinsson form.


Rafveituvirkjafélags Íslands  
Sigurður Björnsson form.



Félags sýningarmanna við kvikm. hús  
Pétur Pétursson form.



Félags tæknifólks í rafiðnaði  
Karvel Ögmundsson form.



Félags nema í rafiðnum  
Andri Jóhannesson form.

Afrit send: ASÍ, þingmönnum, og fjölmiðlum.